Ungmennaþing SSNE 2022

Niðurstöðuskýrsla

Mars 2023

Nanna Steina Höskuldsdóttir nanna@ssne.is

Anna Lind Björnsdóttir annalind@ssne.is

Efnisyfirlit

Inngangur 3
Undirbúningur Ungmennaþings 3
Þátttakendur 3
Framkvæmd viðburðar 4
Lærdómur 5
Kostnaður 5
Næstu skref og niðurstöður 6
Viðauki – dagskrá Ungmennaþings 2022 7
Viðauki 2 – Niðurstöður úr MENTIViðauki 3 - Niðurstöður ánægjukönnunar starfsfólks 8

Inngangur

Ungmennaþing SSNE 2023 var fjármagnað sem áhersluverkefni sóknaráætlunar SSNE.
Þema þingsins í ár var **- frumkvöðlahugsun - fullnýting auðlinda - og nýsköpun**.
Á ársþingi SSNE 2021 var samþykkt að stjórn SSNE skoðaði möguleikann á að auka samtalið við ungt fólk í landshlutanum og kalla eftir skoðunum þeirra og hagsmunum m.a. með stofnun ungmennaráðs. Það var mat starfsfólks sveitarfélaganna að fýsilegri kostur væri að hafa ungmennaráð í hverju sveitarfélagi en að SSNE haldi ungmennaþing árlega og þar sé umræðuvettvangur sameiginlegra málefna og var því unnið er út frá því.

Árlegt ungmennaþing SSNE er liður í því auka tengingu og samvinnu ungmenna í landshlutanum, auk þess að valdefla ungmennin. Með ungmennaþingunum má sækja í auknum mæli skoðanir og reynslu ungmenna þvert á sveitarfélög, stuðla að því að þau kynnist innbyrðis og að það verði þannig eftirsóknarvert og áhugavert að kynnast stjórnsýslunni og verkefnum SSNE. Það er einnig mikilvægt að fá skilaboð frá ungmennum inn á samráðsvettvang sóknaráætlunar.

Undirbúningur Ungmennaþings

Anna Lind Björnsdóttir og Nanna Steina Höskuldsdóttir verkefnastjórar SSNE tóku að sér verkefnastjórn í góðri samvinnu við sveitarfélögin. Fyrsti skipulagsfundur var 16. febrúar 2022 og haldnir voru mánaðarlegir Teams skipulagsfundir með starfsfólki sveitarfélaga sem fara með málefni ungmennaráða mánaðarlega þangað til í september en þá voru vikulegir fundir fram að þinginu. Haldið var utan um vinnuna á Teams svæði SSNE undir rásinni *Ungmennaráð 2022.* Sveitarfélögin 10 sem aðild hafa að SSNE tóku öll þátt á undirbúningsfundum. Starfsfólk sveitarfélaga tók að sér að afla þátttakanda og mótaði dagskrá þingsins í samvinnu við starfsfólk SSNE. Verkefnastjórar SSNE héldu utan um praktísk atriði með aðstoð frá starfsfólki sveitarfélaganna. Ákveðið var að Ungmennaþingið yrði dagana 13. og 14. október 2021 í Dalvíkurbyggð. Dagskrá þingsins má sjá í viðauka.

Þátttakendur

Ákveðið var að þrír til fimm þátttakendur gætu komið frá hverju svæði fyrir sig og starfsmaður með hverjum hópi. Starfsfólk sveitarfélaganna sá um að afla þátttakenda og leituðu fyrst til sinna ungmennaráða. Misjafnt var hversu virk þau væru í hverju sveitarfélagi fyrir sig og sum sveitarfélögin enn í þeirri vinnu að mynda ráð eða endurvekja, á meðan önnur eru með virka starfsemi ungmennaráða. Þau sveitarfélög sem ekki voru með virk ungmennaráð fengu frjálsar hendur til að afla þátttakenda og var leitað m.a. til skólastofnanna. Úr varð að á þingið ætluðu að mæta fulltrúar allra sveitarfélaganna, en eitt sveitarfélag datt út á lokametrunum . Þátttakendur voru 30 talsins á aldrinum 13 til 19 ára. Starfsmenn voru 12 talsins, 10 frá sveitarfélögum og verkefnastjórar SSNE. Kynjahlutföll voru ekki jöfn en af 30 þátttakendum voru aðeins níu karlkyns.

Framkvæmd viðburðar

Þema þingsins var **frumkvöðlahugsun, fullnýting auðlinda, nýsköpun og valdefling.** Unnið var með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 9, 11, 12 og 13 en markmið þingsins var einnig að valdefla ungmennin, fá raddir þeirra í sóknaráætlun Norðurlands eystra.

1. Gísli Bjarnason Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar setti þingið fyrir hönd Dalvíkurbyggðar. Næst var hópefli sem Gísli Rúnar Gylfason, íþrótta og tómstundafulltrúi Dalvíkurbyggðar stýrði. Í framhaldinu héldu Sesselja Ingibjörg Barðdal Reynisdóttir og Kolfinna María Níelsdóttir héldu erindi um Eim og ónýtta auðlindastrauma í landshlutanum.

2. Unnið var með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 9, 11, 12 og 13, en markmið þingsins var einnig að valdefla ungmennin, fá raddir þeirra í Sóknaráætlun og fá þau til að kynnast ungmennum úr öðrum sveitarfélögum. Spurningin sem ungmennin unnu hvað mest með var einföld en samt nokkuð flókin: Hvernig gerum við Norðurland eystra að besta stað á Íslandi til að búa á?

3. Þátttakendur fengu innblástur frá Svövu Björk Ólafsdóttir hjá RATA ráðgjöf og fengu þau innsýn í það hvernig er að vera frumkvöðlar.

4. Alþjóðlegur dagur mistaka var þennan dag. Við sögðum frá reynslusögum og að það væri mjög mannlegt að gera mistök og þau séu til að læra af. Við enduðum svo þennan lið í Hóki pókí.

5. Anna Lind og Nanna Steina kynntu Sóknaráætlun SSNE og samráðsvettvang og örstutt farið yfir heimsmarkmið SÞ.

6. Næst var smáforritið MENTI notað til að fá fram sameiginleg hagsmunamál ungmenna í landshlutanum. Niðurstöðurnar eru í viðauka.

7. Ungmennunum var svo skipt niður í hópa fyrir næsta dag. Í lok dags var snæddur kvöldmatur, pizzaveisla á Baccalá bar á Hauganesi. Eftir kvöldmat fóru flestir þátttakendur í heitu pottana í fjörunni á Hauganesi og síðan á opið hús í Bergi.

8. Þátttakendur í hópum bjuggu saman til fyrirtæki, lærðu um og fylltu inn í viðskiptamódel Canvas og enduðu síðan á að koma upp á svið og héldu kraftmiklar kynningar á fyrirtækinu sínu. Dregin var upp mynd af því sem betur mætti fara og einnig því sem var vel gert og sköpuðust því líflegar umræður og höfðu ungmennin margt til málanna að leggja.
   Í lok þingsins var stutt stund þar sem farið var yfir helstu niðurstöður úr vinnustöðvum og fengin endurgjöf frá þátttakendum í gegnum forritið Menti.

Lærdómur

Unnið var með forritið Menti, en það er nafnlaust forrit og því allir jafnir og þykir mörgum auðveldara að tjá sig á þann hátt.
Áhugavert er að skoða þá samantekt sem sjá má í viðauka. Ungmennin tóku öll virkan þátt og reyndist endurgjöfin frekar jákvæð.
Sóknaráætlun var talsvert til umræðu á þinginu. Hér má sjá svör ungmenna við því hvernig hún snýr að þeim.



Það var samdóma álit starfsfólks sem að viðburðinum kom að svona vettvangur sé til gagns fyrir ungmennin, sem og fyrir starfsfólk til að fá fram skoðanir og hugmyndir ungmenna til framþróunar verkefna. Starfsmönnum þykir einnig gott að hittast og bera saman bækur sínar á viðburði sem þessum. Þátttakendur voru ánægðir með aðstöðu og mat á Dalvík. Þeim fannst gaman að hitta aðra og heilt yfir var ánægja með þingið.

Ákveðið var að framlag sveitarfélaganna yrði að koma sínu fólki á áfangastað þ.e. einn starfsmaður og 3-4 ungmenni frá hverju sveitarfélagi. Þessi aðferð reyndist vel og hlutfallslega ódýrt, þó sumir þurfi að keyra lengra en aðrir. Það mun þó jafnast út á næstu árum þar sem lagt er upp með að dreifa þingunum um landshlutann.

Aldursbilið á Ungmennaþingi 2023 var **13- 19 ára** líkt og árið áður. Ekki er samræmi í aldursbili milli sveitarfélaga í ungmennaráðum og oft eru þau allt upp í 25 ára. Ákveðið var þó að halda sig við þetta aldursbil.

Kostnaður

Styrkurinn frá SSNE var 1.000.000 kr. og kostaði viðburðurinn *Ungmennaþing* samtals 1.002.300

- Gistikostnaður, morgunmatur og hádegismatur – 639.300 kr.
- Kvöldmatur – 72.200 kr.
- Heitir pottar á Hauganesi –10.800 kr.
- Fyrirlestur nýsköpun - 100.000 kr.
- Námskeið Eimur - 180.000 kr.

Gistikostnaður innifól gistingu, morgunmat, og tvisvar hádegismat. Matarkostnaður fól í sér kvöldmat. Dalvíkurbyggð borgaði aðstöðuna í Bergi og SSNE lagði til léttar veitingar á meðan á

þinginu stóð.
SSEN sá um að taka á móti reikningum og greiða þar sem styrkurinn var í gegnum áherslufé.

Næstu skref og niðurstöður

Mikilvægt er að fylgja eftir því sem áunnist hefur með Ungmennaþingunum. Festa þarf fjármagn árlega í gegnum áhersluverkefni til að fyrirsjáanleiki verði meiri og betri. Lagt er upp með að SSNE haldi áfram utan um um þingin og stýri áfram reglubundnum mánaðarlegum fundum starfsmanna ungmennaráða. Lagt er til að fulltrúi úr hverju ungmennaráði verði einnig virkir í samtalinu. Verkefnastjórar SSNE myndi fylgja þessum fundum eftir og hjá SSNE er til sameiginleg teams rás þar sem hægt er að halda utan um skjöl og samvinnu.

Heilt yfir er mikilvægt að útfæra vinnuna og þátttöku ungmenna með þeim hætti að hún skili sér og hlutverk ungmennanna sé tekið alvarlega og unnið sé áfram með þeirra hugmyndir og verkefni. Það er því mikilvægt að horfa til þess að þau séu með í næstu skrefum.
Ekki er lagt til að búa til ungmennaráð SSNE en heldur nýta þann farveg sem hefur myndast til að fá fram þeirra hugmyndir og endurgjöf.

Viðauki – dagskrá Ungmennaþings 2022

Ungmennaþing SSNE
13-14. Október 2022, Dalvíkurbyggð
Þema þingsins er frumkvöðlahugsun, nýsköpun, fullnýting auðlinda

UNGMENNAÞING SSNE
13.- 14. október 2022 - Dalvík

Þema þingsins – Frumkvöðlahugsun, fullnýting auðlinda og nýsköpun
Unnið með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 9-11-12-13

Dagskrá

Fimmtudagur 13. okt

11:00 - 11:30	Þingsetning og samhristingur í Menningarhúsinu Berg
11:30 - 12:00	Kynning á EIMI og ónýttum auðlindastraumum á Norðurlandi
12:00 - 13:00	*Hádegismatur* á hótel Dalvík
13:00 - 14:00	Frumkvöðlahugsun – Svava Björk Ólafsdóttir stofnandi Rata
14:00 - 14:15	*Kaffihlé*
14:15 - 14:45	Alþjóðlegur dagur mistaka - reynslusögur og hóki póki
14:45 – 15:00	Kynning á Sóknaráætlun og heimsmarkmiðum SÞ
15:00 - 15:20	Sameiginleg hagsmunamál ungmenna í landshlutanum - *Ungmennin nota símtækin sín hér (Menti.com)*
15:20 - 15:30	Samantekt á deginum - skiptum í hópa fyrir næsta dag
16:00 - 17:30	Frjáls tími
17:30	Brottför á Hauganes - *Pizzaveisla og pottarnir (ekki gleyma sundfötum!)*

Gist er á hótel Dalvík. Innritun er frá 15:00 á fimmtudeginum og útritun er föstudag fyrir kl 11:00

Föstudagur 14. okt - Örhakkaþon

8:00 - 10:00	*Morgunverður* á hótel Dalvík
10:00	Mæting í Menningarhúsið Berg
10:00 - 10:30	Business model Canvas og kynning á kraftmiklum kynningum
10:30 - 12:30	Hópavinna og lyfturæður
12:30 - 13:30	*Hádegismatur* á hótel Dalvík
13:30	Brottför frá Dalvík

Örhakkaþon - Eimur kynnir Business módel Canvas (BMC) og fær ungmennin til að setja hugmyndina sem þau áttu að hugsa um eftir dag 1 inní módelið og kynna hugmyndina fyrir hvort öðru.
Farið verður yfir hvernig á að fylla út BMC og hvernig á að gera kraftmiklar kynningar. Ungmennin koma hugmyndinni niður á blað og kynna hugmyndir fyrir hvort öðru. Hugmyndin er að ungmennin komi með skilaboð um sameiginleg hagsmunamál í samráðsvettvang sóknaráætlunar.

SSNE EIMUR

Viðauki 2 Niðurstöður úr MENTI- svör frá ungmennum

Skilur þú hvað "Sóknaráætlun" snýst um?

Hvað hugsarðu þegar þú heyrir orðið sóknaráætlun?

Hvað hugsarðu þegar þú heyrir orðið NÝSKÖPUN?

SSNE
Samtök sveitarfélaga á stækkunarsvæði á Norðurlandi austra

Hvað hugsarðu þegar þú heyrir orðið MENNING?

Hvað hugsarðu þegar þú heyrir orðið UMHVERFISMÁL?

Hvað finnst þér vera helst vanta í þitt sveitarfélag?

Viðauki 3 Niðurstöður ánægjukönnunar starfsfólks sveitarfélaga

Hversu ánægð/ur varstu með ungmennaþingið 2022?

9 responses



Telur þú að þátttakendur hafi fundist gaman á þinginu?

9 responses



Hvernig fannst þér skipulag og fyrirkomulag ungmennaþings?

9 responses



Telur þú að þekking og reynsla frá ungmennaþinginu muni koma sér vel fyrir þátttakendur?

9 responses